6
3. jan.

Reglur

um úthlutun styrks úr ellistyrktarsjóðum.

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 17, 9. júlí 1909, eru hérmeð settar eftirfarandi reglur um úthlutun úr ellistyrktarsjóðunum.

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju úthluta styrk úr ellistyrktarsjóði til verðugra umsækjenda. Úthluta skal í hvert sinn $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til sjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, ennfremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

2. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppum og kaupstöðum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

3. gr.

Styrk þann, sem árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Styrkinn skal veita ellihrumum fátæklingum, sem uppfylla þessi skilyrði:

1. eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir,
2. eiga heima í kaupstaðnum eða hreppnum, án tillits til hvar þeir eru sveitlægir,
3. eiga framfærslurétt hér á landi, og
4. hafa ekki þegið sveitarstyrk 5 síðustu árin,

þó er sveitarstjórn heimilt að veita konu, er skilið hefir við mann sinn að borði og sæng eða að lögum, eða orðið ekkja, ellistyrk, þótt maður hennar hafi þegið sveitarstyrk meðan þau voru saman og eigi sjeu liðin 5 ár frá því hann þáði af sveit.

Þegar sérstakar og knýjandi ástæður eru fyrir hendi, er sveitarstjórn ennfremur heimilt að veita styrk þann, er hér um ræðir, heilsubiluðum fátæklingum, þó ekki séu þeir orðnir sextugir að aldri. 6 3. jan.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf umsækjanda er, svo sem hvort hann hefir mikla fjölskyldu fram að færa, hvort börn eru á ómagaaldri og mega ekkert vinna fyrir sér, hvort sjúkdómur er á heimili hans eða aðrar ósjálfráðar ástæður valda þörf hans. Svo skal það og sérstaklega mæla með umsækjanda til styrks, að hann sé reglusamur og vandaður maður.

4. gr.

Þá er um úthlutun ellistyrks er að ræða, telst það eigi sveitarstyrkur, þótt umsækjandi hafi fengið úr sveitarsjóði styrk til lækninga, borgun fyrir meðul, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt.

5. gr.

Styrk má veita jafnt konum sem körlum, jafnt einhleypum persónum sem fjölskyldumönnum, ef skilyrðum þeim, sem sett eru í 3. gr., er fullnægt.

6. gr.

Þeir, sem vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu, fyrir lok septembermánaðar ár hvert, senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbréfið að fela í sér þær upplýsingar, sem með þarf, til þess að geta dæmt um verðleika umsækjenda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, sem í beiðninni standa, séu sannar.

7. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist aðeins fyrir eitt ár í senn og má ekki vera undir 20 kr. og ekki yfir 200 kr.

8 gr.

Ef engin umsókn um styrk úr ellistyrktarsjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður eru, að áliti sveitarstjórnar, fyrir því, að eigi þykir rétt að úthluta öllu því fé, sem um er rætt í 1. gr., þá fellur styrkveiting niður eða fullri upphæð verður eigi úthlutað það ár, og legst þá afgangurinn við innstæðu sjóðsins.

6
3. jan.

9. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir 7. dag nóvembermánaðar ár hvert senda sýslumanni skýrslu um það, hverjum þær hafi veitt styrk úr ellistyrktarsjóði það ár; skýrslu þessari skulu fylgja bónarbréf styrknota með fylgiskjölum, en þau skjöl skulu síðan fylgja ársreikningi sýslumanns um innheimtu og notkun sjóðanna. Samskonar skjöl skulu einnig fylgja ársreikningi bæjarfógeta um sjóðina.

10. gr.

Styrk úr ellistyrktarsjóðum skal í fyrsta sinn úthluta í október 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 3. janúar 1910.

Björn Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

7
10. jan.

um breyting á reglugjörð 20. des. 1904, um framkvæmd Landsbankans á störfum landfógeta.

Landsbankastarfsmaður sá, er getur um í 6. gr. reglugerðar 20. des. 1904, um framkvæmd Landsbankans á störfum landfógeta, og þar er kallaður gjaldkeri landssjóðs, nefnist upp frá þessu *landsféhirðir*.

Í stjórnarráði Íslands, 10. jan. 1910.

Björn Jónsson.

Indr. Einarsson.